

**1.-2. bekkur 2020 - 2021**  
**Umsjónarkennari:** Kristín Gísladóttir  
**Heimastofa:** Kátaland

**Skipulag í 1. - 2. bekk**

Samkenndsla er í 1. og 2. bekk. Lögð er áhersla á það að nemendur fái námsefni miðað við áhuga og getu hvers og eins. Til að koma til móts við áhuga þeirra og getu nýtum við okkur val í námi og stöðvavinnu, þegar verið er að æfa betur það sem lagt hefur verið inn. Við leggjum einnig mikla áherslu á samskipta- og félagsfærni og að efla sjálfsmynd barnanna með jákvæðni, hvatningu og fjölbreyttum kennsluáferðum.

**Íslenska - 1. bekkur**  
Kennari: Kristín Gísladóttir

**Markmið**

Sjá Aðalnámskrá grunnskóla á heimasíðu menntamálaráðuneytisins: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is) undir liðnum námskrár.

**Helstu viðfangsefni**

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist íslensku námið í eftirfarandi þætti: lestur og bókmenntir, talað mál og hlustun, ritun og málfræði.

**Námsgögn**

Valin verkefni úr; Listin að lesa og skrifa, Við lesum, Markviss málörvun I og II, Ritrún, Það er leikur að læra, Lestrarlandið, Lubbi finnur málbein, Ég get lesið, Orðasjóður, Markviss málörvun o.fl. Fjölrítað efni af veraldarvefnum og verkefni búin til að kennara. Fjölrítaðar lestrarbækur af 123 skoli.is og Létt lestrarbækur frá Námsgagnastofnun, skipt í þyngdarflokka.

**Kennsluhættir/Kennslufyrirkomulag**

Samkenndsla er í 1.-2. bekk. Lögð áhersla á heildstæða nálgun í móðurmálskenndlu sem nær til allra þátta móðurmálsins. Unnið er með tal, hlustun, lestur, framsögn og ritun í einni heild.

Nemendur læra að þekkja alla stafina og hljóð þeirra. Lagðir eru inn 2-3 stafir á viku og unnið er með þá á fjölbreyttan hátt í ritun, skrift, málfræði, fönndri, söng og ýmsum námsspilum. Nemendur æfa samlestur, víxllestur, kórlestur, vinallestur og kynnast gagnvirkum lestri og PALS lestrarþjálfun. Eftir innlagnir er unnið, einstaklingslega, í litlum hóp og á stöðvum til þess að æfa það sem lagt hefur verið inn. Íslenska er kennd alla daga.

**Námsmat**

- Lesferill: stafabekking, lesfimi og nefnuhraði. (Haustönn-miðönn-vorönn)
- Skriflega umsögn við lok haustannar og vorannar.
- Börnin safna í möppu því besta sem þau hafa gert á hverri önn og fara með heim við lok skólaárs.

## Stærðfræði - 1. bekkur

Kennari: Kristín Gísladóttir

### Markmið

Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir stærðfræði:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

### Helstu viðfangsefni

Þekking á tölustöfum, flokkun, form, gerð kannana, samlagningu, frádrátt, árstíðir, tímatalshugtök og staðsetningarhugtök.

### Námsgögn

Æfingarhefti 1a og b í Sprotabókarflokknum. Kátt er í Kynjadal. Ljósrit úr eldri bókum og verkefni af netinu. Gagnvirkar æfingar, leikir og spil.

### Kennsluhættir

Unnið verður mikið til í stöðvarvinnu þar sem kennari leggur inn efnið og nemendur þjálfa sig á ýmsan hátt á þar til gerðum stöðvum og vinna verkefni sem hæfa getu hvers og eins. Þar undir er samvinnunám, paravinna, hópavinna og einnig verður kennt í einstaklingsnámi. Samræður spila einnig veigamikil hlutverk í námi barnanna. Nemendur fá einnig val innan stærðfræðilegra verkefna og fá tækifæri til að skila verkefnum með þeim hætti sem hentar þeim.

### Kennslufyrirkomulag

Stærðfræði er kennd 5 sinnum í viku. Samkennsla er í 1. og 2. bekk.

### Námsmat

Leiðsagnarmat og sjálfsmat. Verkefnum nemenda safnað saman og sett saman í verkefnabók við lok annar. Litlar kannanir til að athuga stöðu nemenda og laga til áherslur.

## Samfélags- og náttúrugreinar – 1. bekkur

Kennari: Kristín Gísladóttir

### Markmið samfélagsgreina

Stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda og sögu. Einnig að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér réttisýni sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir umhverfið og þjóðfélagið í heild.

### Markmið náttúrugreina

Vekja og viðhalda áhuga nemenda með fjölbreyttum vinnubrögðum. Undir þetta svið heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Verkefni miða að því að viðhalda forvitni nemenda fyrir umhverfi sínu og um leið hvetja þau til að skoða umhverfið með gagnrýnum huga.

## Helstu viðfangsefni

Sjálfbærni, flokkun og endurnýting – Íslenskar þjóðsögur og álfasögur - Umhyggja og virðing fyrir umhverfinu – Sögustaðir í heimabyggð. - Ég sjálfur“: búseta, fjölskylda, siðir og venjur - Tilfinningar: s.s. gleði, sorg, reiði - Heilbrigði og hollusta: Einkastaðir, hreyfing, hreinlæti, hollusta - Vinátta: Tillitsemi í samvinnu og samskiptum við aðra. – Árstíðir og veður – Hringrásir í náttúrunni.

## Námsgögn

Komdu og skoðaðu bókaflokkurinn, handbækur, sögubækur, fræðibækur, efni af veraldarvefnum og efni útbúið af kennara.

## Kennsluhættir

T.d. Umræður, frásagnir, upplestur, hópavinna, paravinna, athuganir og leikir.

## Kennslufyrirkomulag

Samþætting námsgreina: íslenska, náttúru- og samfélagsgreinar.

## Námsmat – Leiðsagnarmat

Verkefnum nemenda safnað yfir veturinn í verkmöppur. Umsögn frá kennara um vinnusemi og áhuga.

## ART – 1. bekkur

Kennari: Kristín Gísladóttir og Lilja Loftsdóttir

## Markmið

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru í félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annara.
- Að kenna nemendum jákvæðar leiðir í samskiptum.

## Aðalviðfangsefnin eru:

**Félagsfærniþjálfun** - Nemendum eru kennd jákvæð samskipti t.d. með umræðum, hlutverkaleikjum.

**Sjálfstjórn** – Nemendum eru kenndar leiðir til þess að bregðast við árekstrum og stjórna skapinu sínu. Nemendum eru kenndar nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.

**Efling siðferðis** – Þjálfun í rökræðum, með aðstoð kennara, út frá klípusögum þar sem fram koma siðferðileg álitamál.

## Námsgögn og kennsluhættir

ART námsefni, efni af veraldarvefnum og búin til af kennurum. Kennsluhættir eru fjölbreyttir en mikið er um hlutverkaleiki og umræður.

## Kennslufyrirkomulag

ART er í stundatöflu barnanna 1x í viku. Hver tími byrjar og endar á sama hátt og lögð er áhersla á það að skapa umhverfi þar sem börnunum líður vel og að tímarnir séu hnitmiðaðir og skemmtilegir.

## Skólaíþróttir -1. bekkur

Kennari: Elin Moqvist

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

**Helstu viðfangsefni**- Kennnd verða undirstöðuatriði íþróttagreina og leikir sem stunduð eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Ásamt því að þjálfa sköpun og tjáningu og auka heilbrigði nemenda. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

**Námsgögn** - Unnið er með þau íþróttaráhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

**Kennsluhættir** - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margskonar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

**Kennslufyrirkomulag** - Nemendur fá íþróttakennslu 60mín. í senn, 1x í viku.

Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er nokkrar vikur að hausti og að vori, eða þegar veður leyfir.

**Námsmat** - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

## Sund - 1. bekkur

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

**Markmið**

Sjá Aðalnámskrá

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

**Helstu viðfangsefni**

Lögð er megináhersla á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök td. í skrið og baksundi þar sem hreyfingar eru mun einfaldari en bringusundsfótatök. Mikilvægt er að börnin fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Þau fá verkefni sem samanstanda ma. af vatnsaðlögun, hreyfinámi og stigbundinni sundkennslu.

**Námsgögn**

Unnið er með þau áhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

### **Kennsluhættir**

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

### **Kennslu fyrirkomulag**

Nemendur í 1. og 2. Bekk eru saman í sundtímum.

Kennt er 55 mín. í senn 1x í viku.

Kennslan fer fram í Neslaug.

### **Námsmat**

Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

## **Útinám - 1. bekkur**

**Kennari: Elin Moqvist**

### **Aðalviðfangsefni**

Viðfangsefni þessara kennslustunda eru mjög fjölbreytt og snerta flestar aðrar námsgreinar. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruafllanna á þeirra daglega lífi. Lögð verður sérstök áhersla á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar, veðurfar og hreyfingu. Mannleg samskipti, upplifun og félagsfærniþættir vega þungt og lögð er áhersla á að innræta sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, hollrar útivistar, hreyfingar og heilbrigði.

### **Námsgögn og kennsluhættir**

Kennslan fer að mestu leyti fram úti. Ýmist eru umræður og athuganir eða unnin verkefni og þrautir leystar. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, prófunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum.

### **Kennslufyrirkomulag**

Nemendur hljóta útinám í 55 mínútur í senn, 1x í viku.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

## Tölvur – 1. bekkur

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

### Markmið

Sjá Aðalnámskrá grunnskóla á heimasíðu menntamálaráðuneytisins: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Aðalviðfangsefnin eru:

- Nemendur læri grunnmengni við tölvur t.d. frágang, skrá sig inn eftir lykilorði o.fl.
- Nemendur kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir.
- Nemendur læri að nýta sér tölvur við ritun.
- Nemendur byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.

### Námsgögn og kennsluhættir

Unnið er með kennsluforrit og verkefni útbúin af kennara. Notaðar eru bæði fartölvur og spjaldtölvur. Samþætting við aðrar námsgreinar.

### Kennslufyrirkomulag

1 kennslustund í viku.

### Námsmat – Leiðsagnarmat

Umsögn frá kennara um umgengni, vinnusemi og áhuga í lok annar.

## Myndmennt - 1. bekkur

Kennari : Helena Steinþórsdóttir

### Markmið

Að nemandi: Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist bæði íslenskum og erlendum listamönnum frá ýmsum tímum og verkum þeirra. Kynnist lítafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleka hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

### Námsgögn

Unnin verkefni úr bókinni: „Ég sé með teikningu“ og hugmyndum sem fundnar eru á netinu.

### Námsmat

Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, samvirkusemi, elju, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og frágang.

### Kennsluhættir

Hugmynd af verkefni er kynnt fyrir nemendum sem unnið er eftir. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og stutt við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

### Kennslufyrirkomulag

Myndmennt er kennd einu sinni í viku.

## Hönnun og smíði - 1.bekkur

Kennari: Lilja Loftsdóttir

### Markmið

Sjá aðalnámskrá: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

### Aðalviðfangsefni

Nemendur smíða hluti úr efni úr skóginum í Þjórsárdal og næsta nágrenni. Einnig verða unnin verkefni úr öðrum efnum þar sem nýsköpunarkennsla fléttist inn. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í læsi og geti unnið út frá teikningum og/eða dregið einfalda skissu af hugmyndum sínum. Jafnframt er lögð áhersla á að nemandinn tileinki sér rétt val á verkfærum hverju sinni.

### Námsgögn

Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson

Ljósrit frá kennara

Veraldarvefurinn

### Kennsluhættir

Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til einstaklingsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum.

### Kennslufyrirkomulag

1.bekkur fær hálfa haustönn og hálfa vorönn í smíði. Kennslustundin er 80 mín einu sinni í viku

### Námsmat

Þættir eins og hæfni í notkun áhalda, frágangi og vandvirkni eru metnir.

## Textílmennt - 1. bekkur

Kennari: Árdís Jónsdóttir

### Markmið

Sjá aðalnámskrá grunnskóla <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

### Helstu viðfangsefni

Hugtök í textílmennt, vefnaður, þ.e. einvaldur vefur, þræðispor, endurnýting, sköpun.

### Kennsluaðferðir

Bein kennsla og sýnikennsla.

### Kennslufyrirkomulag

Á stundaskrá eru tvær kennslustundir vikulega, hálfa haustönn og hálfa vorönn. Þegar gengið hefur verið frá verkefnum eru þau til sýnis í holinu og eru þar um tíma áður en nemendur fara með þau heim.

### **Námsmat**

Mat á frammistöðu í tímum. Eftir hvern tíma metur kennari ákveðna þætti hjá hverjum og einum, t.d. vandvirkni, hegðun, vinnusemi og frágang. Kennari myndar öll verkefni sem nemandi vinnur.

## **Heimilisfræði - 1. bekkur**

Kennari: Karen Óskarsdóttir

### **Markmið**

Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir heimilisfræði:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

### **Helstu viðfangsefni**

- Hvaðan kemur mjólkinn og eiginleikar hennar?
- Tennurnar okkar
- Umgengni í eldhúsinu
- Eldhúsáhöld

### **Námsgögn**

Gott og gaman, heimilisfræði fyrir byrjendur.

### **Kennsluhættir**

Verklegar æfingar. Umræður

### **Kennslufyrirkomulag**

Heimilisfræði er kennd í tveim samliggjandi tímum einu sinni í viku í 8 skipti.

### **Námsmat**

Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

## **Enska - 1. bekkur**

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

### **Markmið**

Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir ensku:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

### **Aðal viðfangsefni**

Að hlusta á ensku og læra einfaldan orðaforða. Segja upphátt og endutaka elgeng orð og setningar. Numbers, colors, family, body, animals, birthday. Nemendur læra að kynna sig og heilsa, fylgja einföldum fyrirmælum kennara, taka undir í söng og skrifað einföld orð og setningar.



## Námsgögn

Little Bugs 1. Útprintað námsefni, gagnvirkt efni og kennsluforrit af veraldarvefnum, orðabækur, spil, leikir og söngvar.

## Kennsluhættir

Áhersla er lögð á að byggja jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður sem örva nemendur til þess að nota málið á einfaldan hátt.

Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsnám, samvinnunám, þarvinna, hópvinna, stöðvavinna og leikræn tjáning.

Unnið verður með hvert viðfangsefni á fjölbreyttan hátt, eins og í gegnum leiki, söngva, hugarkort, teikningar og stutt skrifleg verkefni.

## Kennslufyrirkomulag

Enska er kennd einu sinni í viku í 40 mínútur í senn.

## Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og virknimat. Nemendur safna verkefnum sínum saman í námsmöppu.

## Tónmennt - 1. bekkur

Kennari: Guðmundur Pálsson

### Markmið

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

- Í 1. og 2. bekk geti nemendur sungið einföld lög upp í t.d. Á Sprengisandi, Fyrir var oft í koti kátt, Hafið bláa hafið
- Ráði við að klappa einfaldan rytma með háfnótum, fjórðapartsnótum og þögnum, áttundapartsnótum og stöku sinnum sextándapartsnótum.
- Þekki blæbrigðamun tónlistar og þessi alþjóðalegu/ítölsku orð sem tákna það; forte, piano, crescendo, diminuendo.

### Námsleiðir

- Nemendur vinna með og upplifa tónlist í gegnum söng, hreyfingu, hlustun, og hljóðfæranotkun
- Sönglög verða kennd og unnið með frumþætti tónlistar
- Unnið verður með hrynn og púls í lögum sem þau syngja og hlusta á með hreyfingu og hljóðfæraslætti.
- Unnið verður með frumþætti tónlistar og tónlistarhugtök í gegn um söng, hreyfingu og hlustun.
- Nýtum skóginn og umhverfi skólans í útinám- finnum ýmsa hljóðgjafa með mismunandi áslætti. Grafíska nótnaskrift er gott að kenna með efnivið úr náttúrunni.

### Námsefni

Það var lagið - hugmyndaefni í tónmennt. Valin lög úr bókinni Syngjandi skóli. Myndir, tákni, geisladiskar, skólahljóðfæri. Sögurnar um Maxímús Músíkús ásamt verkefnum. Leikum og syngjum fyrir litlu börnin. Lög sungin aðallega úr bókinni Syngjandi skóli.

### Námsmat

Byggir á virkni, getu, hegðun og þátttöku í tímum. Umsögn gefin í lok hverrar annar.